

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 20.2.2025

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Gunnólfur Sveinsson, Ingvar Björn Gunnlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Mærudagar

4. febrúar síðastliðinn barst Völsungi tilkynning um að Mærudagar væru aftur færður á upprunalega helgi og verða því helgina 25.-27. júlí sumarið 2025.

Lagt fram til kynningar.

2. Svar við erindi vegna klefagæslu

Á 208. Fundi fjölskylduráðs, 4. Febrúar 2025, var erindi frá Völsungi og Borgarhólsskóla tekið fyrir há Fjölskylduráði. Erindið varðaði gæslu í búningssklefum.

Bókun Fjölskylduráðs var eftirfarandi:

Fjölskylduráð felur verkefnastjóra á velferðarsviði að eiga samtal við Völsung og Borgarhólsskóla um útfærslur á klefagæslu í íþróttamannvirkjum á Húsavík.

Lagt fram.

3. Breyting á prókúruhöfum Völsungs hjá skattinum

Fyrir aðalstjórn liggur fyrir að Skrifa undir tilkynningu um breytingu á prókúruhöfum hjá Völsungi.

Aðalstjórn samþykkir nýja prókúruhafa og skrifar undir tilkynningu til skattsins samkvæmt því.

4. Samtantekt af félagsgjöldum

Félagsskírteini Völsungs voru gefin úr um miðjan janúar 2025 og var ákveðið að skírteinin yrðu rafræn. Eindagi á félagsgjöldum er föstudagurinn 21. febrúar. Nú þegar hafa 331 greitt félagsgjaldið sem er 34% af útgefnum greiðsluseðlum. Einnig hafa verið búin til 331 félagsskírteini sem félagsmenn geta nálgast í gegnum heimasíðu félagsins.

Lagt fram til kynningar.

5. Íþróttafólk Völsungs

Í vikunni bárust síðustu tilnefningar til íþróttafólks Völsungs. Alls bárust 10 tilnefningar frá 5 deildum félagsins.

Farið yfir tilnefningar og ákveðið að kosning hefjist næstkomandi mánudag og standi yfir í vikutíma. Íþróttafólk Völsungs verður svo auglýst sérstaklega.

6. Ársþing HSB haldið á Húsavík

Ársþing HSB verður haldið fimmtudaginn 13. mars í Hlyn, sal eldri borgara á Húsavík. Völsungur heldur þingið með HSB. Völsungur þarf að sjá fyrir kvöldmat á ársþinginu gegn greiðslu frá HSB.

Framkvæmdastjóra falið að senda á deildir og kanna hvort einhver deild vilji taka að sér kvöldmatinn í fjáröflunarskyni.

Fundi slitið: 18:03

